

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 59, 24. janúar 2005, um staðfestingu
sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

1. gr.

Leiðrétting á auglýsingu nr. 59, 24. janúar 2005.

Súðavíkurhreppur.

3. tl. hljóðar svo: Til að eiga rétt á úthlutun byggðakvóta skulu bátar/skip vera skráð og hafa verið með heimahöfn í Súðavík 1. september 2004 og einnig útgerð báta/skipa sem eru og hafa verið með skráð lögheimili í Súðavíkurhreppi 1. nóvember 2004.

2. gr.

Auglýsing þessi er gefin út með stoð í 4. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 960, 6. desember 2004, um úthlutun á þorskígildislestum til stuðnings byggðarlögum, til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 18. febrúar 2005.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.